

Óáþreifanlegur menningararfur til eflingar lykilhæfni einstaklinga í dreifðum byggðum (Þjóðsögur)

4. Fréttabréf

Verkefni: Erasmus+ Samstarfsverkefni á sviði fullorðins fræðslu, Key Action 2

Verkefni nr.: 2020-1-SE01-KA204-077908

Tímabil: 2020-10-01 – 2022-09-30

Þátttakendur

**CFL Söderhamn,
Svíþjóð**

www.cfl.se

**Institute for Training
of Personnel in
International
Organizations
(ITPIO), Búlgaría**

www.itpio.eu

**Nýheimar
þekkingarsetur,
Ísland**

www.nyheimar.is

**TRADIGENIA SL,
Spánn**

www.tradigenia.com

**Inthecity Project
Development, Holland**

www.inthecitystudio.com

VERKEFNALOK

Verkefnateymið hefur lokið verkþætti þrjú undir forystu ITPIO frá Búlgaríu.

Á grundvelli niðurstaðna úr verkþætti eitt og tvö þróuðu samstarfsaðilar nýja þjálfunaráætlun með það markmið að auka lykilhæfni fullorðinna í dreifbýli með því að nýta goðsagnir og þjóðsögur.

Þjálfunaráætlunin var þróuð í einingum, með mismunandi áherslur á námsþarfir markhópsins. Hver eining tilgreindi hæfniviðmið, tímaramma, aðferðafræði og efni til innleiðingar efnisins í kennslu. Námsseiningarnar fjalla um eftirfarandi lykilhæfniþætti:

- 1/ Virkur samfélagsþegn
- 2/ Frumkvöðlastarf
- 3/ Mannleg samskipti, leiðtogaþæfni og að tileinka sér nýja færni
- 4/ Menningarvitund og tjáning
- 5/ Stafræn og tæknitengd hæfni.

Tilraunaprófanir á efninu voru skipulagðar í Svíþjóð, Íslandi, Spáni og Búlgaríu, þar sem nemendur frá dreifbýli og einangruðum svæðum fengu fræðslu til að bæta lykilhæfni sína.

Eftir prófunina var efnið metið og endanleg útgáfa af þjálfunarnámskeiðinu útbúin. Eftirfarandi tillögur um stefnu til að bæta lykilhæfnipróun fullorðinna í dreifbýlum svæðum voru settar fram:

- Mikilvægt að styðja fullorðna nemendur, óháð uppruna, til að byggja upp færni, þekkingu og sjálfstraust til að verða virkir samfélagsþátttakendur
- Nýting þjóðsagna í fræðsluefni varðveittir og heldur á lofti þessum óáþreifanlega menningararfi sem hefur mikið gildi fyrir komandi kynslóðir. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir nemendur af erlendum uppruna vegna aðlögunarhæfni þeirra að nýrri menningu og þátttöku í nýju samfélagi.

MARKMIÐ VERKEFNISINS

Meginmarkmið verkefnisins er að auka lykilhæfniþætti 21. aldarinnar og efla þekkingu á ríki menningararfleið Evrópu og gildum þjóðsagna. Með nýstárlegum náms- og kennsluaðferðum að auka við menntun einstaklinga, færa þá nær menningararfleið þeirra og sameiginlegum gildum Evrópu auk þess að efla persónulegan þroska og atvinnufærni.

ÁHERSLUR VERKEFNISINS

- Að kanna evrópskan menningararf þjóðsagna og samhengi þeirra sem menningar- og hegðunarlíkön til að styðja við námsferlið og þróun lykilhæfniþátta.
- Hanna og prófa þjálfunaráætlun fyrir þróun lykilhæfni
- Þróa „Legend of today“ sögutengda stafræna og gagnvirka fræðsluvöru byggða á *gamification* nálgun með efni og verkfærum til að öðlast lykilhæfni og lífsleikni

MARKHÓPAR VERKEFNISINS

- Fullorðnir nemendur í dreifbýli og afskekktum svæðum
- Aðilar og stofnanir í Fullorðinsfræðslu sem nýtt geta afurðir verkefnisins til kennslu

Þetta verkefni er unnið með styrk frá Erasmus+, samstarfsáætlun ESB. Útgáfa þessi endurspeglar eingöngu afstöðu höfundar og framkvæmdastjórn ESB ber enga ábyrgð á því hvernig upplýsingar úr henni eru nýttar.